

V. KAFLI

Fjármál svæðisráða.

11. gr.

Svæðisráð fær úthlutað ákveðinni fjárhæð á fjárlögum hvers árs til útgjalda vegna þóknunar til fulltrúa í svæðisráði annars vegar og útlagðs kostnaðar hins vegar. Svæðisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun fjárlagsins. Fjárhæðin skal vistuð hjá svæðisskrifstofu undir sérstöku fjárlaganúmeri og annast hún útgreiðslur. Útgreiðslur eru því aðeins heimilar að fyrir liggi fyrirsmæli og samþykki formanns svæðisráðs.

Félagsmálaráðherra ákveður laun vegna starfa í svæðisráði.

12. gr.

Félagsmálaráðuneyti skal, að fengnum tillögum svæðisráðs, áætla útgjöld vegna starfa trúnaðarmanna fatlaðra, sem ráðnir eru af svæðisráði skv. 7. gr. og staðfesta ráðningarsamning þeirra.

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, öðlast þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

GJALDSKRÁ**vegna hundahalds á Höfn fyrir árið 1993.**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. 2. gr. c-lið samþykktar um hundahald á Höfn 27. júní 1991 skal vera kr. 5 250,00 fyrir árið 1993, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklings skal vera kr. 2 625.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. mars 1993.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3 000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6 000, ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda almennar reglur.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.